

29  
23. júní

## L Ö G

um

breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Í stað 1. málsg. 2. gr. laganna komi: Póststjórnin veitir móttöku til umönnunar og skila.

Aftan við liðinn a. 1. í sömu grein bætist: allt að 2000 grömm. Í stað „250 grömm (50 kvint)“ í sömu gr. lið b. komi: 2000 grömm.

### 2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Umönnun og skil á póstsendingum, sem getið er um í 2. gr., nær bæði til flutnings milli pósthúsa og útburð þeirra til viðtakenda og til þess að safna þeim saman úr bréfaökssum.

Póststjórnin hefir heimild til að ákveða, hvort útburður póstsendinga megi eiga sér stað á vissu svæði á kostnað póstsjóðs og hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda. Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi nema innan sveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

### 3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, svo sem útburð póstsendinga með hraðboða, póstaritun blaða og rita, staðfesting á innihaldi póstsendinga, váttrygging fram yfir áritað verð, útgáfu á skilríkisspjöldum, útbýting á utanáskriftarlausum sendingum, flutning á farþegum og póstböggjum með bílum.

Nánari ákvæði fyrir þessu starfi setur póststjórnin, svo og taxa bæði

fyrir þessi störf og innanbæjar- og innansveitarsendingar, staðartaxta, og enn- **29**  
fremur getur hún ákveðið aukagjald fyrir flutning póstsendinga með loftförum. 23. júní

#### 4. gr.

Í stað „Burðargjald“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Ríkisburðargjald eða ríkistaxti.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, sem staðartaxti er látinn gilda um, ákveður póststjórnin, sbr. 4. gr.

#### 5. gr.

Á eftir 10. lið í 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar sendingar, enda þótt þær eftir eðli sínu ættu að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald.

Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

#### 6. gr.

1. málsg. 13. gr. laganna skal orða svo:

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álimd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki, og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin tekur gildar.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*